



## Borðtennismót Borðtennisdeildar KR 21.-22. nóvember 2015

### Kjartansmótið laugardaginn 21. nóvember 2015

Borðtennisdeild KR heldur hið árlega Kjartansmót laugardaginn 21. nóvember 2015 í KR-heimilinu við Frostaskjól. Mótið er haldið til heiðurs Kjartani Briem, fyrrverandi formanni Borðtennisdeildar KR. Fyrir hádegi verður keppt í liðakeppni yngri unglunga en síðan tekur við liðakeppni fullorðinna. Keppt er í tveggja manna liðum í hverjum flokki.

#### Tímaáætlun

kl. 10:00 Liðakeppni hnokka f. 2005 og síðar

kl. 10:00 Liðakeppni pílta f. 2003-2004

kl. 10:00 Liðakeppni sveina f. 2001-2002

kl. 10:00 Liðakeppni táta f. 2005 og síðar

kl. 10:00 Liðakeppni telpna f. 2003-2004

kl. 10:00 Liðakeppni meyja f. 2001-2002

kl. 12:00 Liðakeppni karla

kl. 13:00 Liðakeppni kvenna

#### Fyrirkomulag keppni

Hver unglingur má aðeins leika í einum aldursflokki unglunga en unglingar mega einnig leika í liðakeppni fullorðinna. Spilaformið er tveir einliðaleikir og tvíliðaleikur og til að vinna heilan liðsleik þarf að vinna tvo staka leiki. Leikið verður í riðlum og síðan með einföldum útslætti upp úr riðlunum. Engin röðun verður í liðakeppnina önnur en sú að leitast verður við að lið frá sama félagi lendi ekki saman í riðli.

Hvert lið samanstendur af tveimur leikmönnum, en leyfilegt er að tefla fram þriggja manna liðum. Mótanefnd mælist til þess að liðunum verði gefin nöfn, t.d. Garpar, Kempur.

Mótsstjórn áskilur sér rétt til að sameina flokka ef færri en 4 lið eru skráð í flokkinn en samt sem áður verða veitt verðlaun fyrir hvern flokk fyrir sig.

Veittir verða verðlaunapeningar fyrir 4 efstu sætin í hverjum flokki. Sigurliðin í karlaflokki og kvennaflokki fá farandbikar, Kjartansbikarinn, gefinn af Kjartani Briem, til varðveislu í eitt ár. Sigurliðin í unglungaflokkum fá glaðning auk verðlaunapenings.

## Tvíliðaleiksmót sunnudaginn 22. nóvember 2015

Borðtennisdeild KR heldur tvíliðaleiksmót sunnudaginn 22. nóvember 2015 í KR-heimilinu við Frostaskjól. Á mótinu verður keppt í tvíliðaleik á sama hátt og á afmælistóti KR í fyrra. Leiknar verða 6 umferðir í einum flokki samkvæmt Monrad kerfi, sem aðallega er notað á skákmótum.

### Tímaáætlun

kl. 11:00 Tvíliðaleikur í einum flokki

### Fyrirkomulag keppni

Leikið verður í einum flokki, svo karlar og konur leika hvort við annað. Leiknar eru 6 umferðir. Þörum verður ekki raðað. Sigurvegari í hverjum leik fær eitt stig en tapari ekkert. Í næstu umferð leika sigurvegarar úr fyrri umferð saman og taparar mætast innbyrðis. Í seinni umferðunum mætast þör sem hafa svipaðan fjölda stiga. Sigurvegari á mótinu verður það par sem hefur flest stig að loknum umferðunum sex. Ef fleiri þör hafa jafnmörg stig verða notaðar Monrad reglur til að skera úr um sigurvegara. Þær byggja á því að reikna út hvaða þör hafa leikið við sterkustu andstæðingana. Það par sem hefur leikið við sterkari andstæðinga lendir í hærra sæti.

Veittir verða verðlaunapeningar fyrir 3 efstu þör karla og 3 efstu þör kvenna.

Tvenndarkeppnispar (þ.e. blandað par karls og konu) getur unnið til verðlauna í karlaflokki. Að auki verður það par verðlaunað sem nær lengst, þar sem leikmennirnir hafa samanlegt færri en 2700 stig á styrkleikalista BTÍ og hefur ekki fengið önnur verðlaun á mótinu.

## Hagnýtar upplýsingar um bæði mótin

### Þáttökugjöld

Gjaldið greiðist inn á bankareikning Borðtennisdeildar KR og **skal tekið fram fyrir hvaða leikmann er verið að greiða** á netfangið [bordtennisdeildKR@gmail.com](mailto:bordtennisdeildKR@gmail.com).

Bankareikningur: 0137-26-008312, kennitala 661191-1129.

Kjartansmót: 2.000 kr. á lið í liðakeppni unglunga og 2.500 kr. á lið í liðakeppni fullorðinna ef greitt er á keppnisstað. Ef þáttökugjald er greitt við skráningu eða í síðasta lagi 18. nóvember kl. 18.00 er veittur afsláttur og er þáttökugjaldið þá 1.500 kr. á lið í liðakeppni unglunga og 2.000 kr. á lið í liðakeppni fullorðinna.

Tvíliðaleiksmót: 2.500 kr. á par ef greitt er á keppnisstað. Ef þáttökugjald er greitt við skráningu eða í síðasta lagi 18. nóvember kl. 18.00 er veittur afsláttur og er þáttökugjaldið þá 2.000 kr. á par.

## Skráning

Skráning fyrir bæði mótin fer fram á vefnum á slóðinni <http://goo.gl/forms/HgxxLvtw6X> til kl. 18 miðvikudaginn 18. nóvember 2015. **Kennitölur skulu fylgja öllum skráningum í samræmi við keppnisreglur BTÍ!**

## Annað

Dregið verður í Kjartansmótið í Íþróttahúsi Hagaskóla miðvikudagskvöldið 18. nóvember kl. 20:00. Drátturinn verður birtur á vefnum á slóðinni [www.tournamentsoftware.com](http://www.tournamentsoftware.com).

Dregið verður í tvíliðaleiksmótið við upphaf keppni, 22.11. kl. 11. **Keppendur sem ekki eru mættir kl. 11 verða ekki dregnir inn í mótið enda þótt þeir hafi skráð sig til leiks! Þess vegna er mikilvægt að keppendur mæti á réttum tíma!**

Leikið verður á Stiga expert borðum með Tibhar hvítum 3ja stjörnu plastkúlum. Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags.

### Mótstjórn:

Aldís Rún Lárusdóttir, gsm. 867 4176, [aldisrun@gmail.com](mailto:aldisrun@gmail.com)

Ásta M. Urbancic, gsm. 895 96 93, [astaurb@gmail.com](mailto:astaurb@gmail.com)

Kristján Viðar Haraldsson, gsm. 820 0007, [viddi@greifarnir.is](mailto:viddi@greifarnir.is)

Yfirdómari: Hannes Guðrúnarson og annar yfirdómari sem verður tilkynntur síðar.

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR

Ásta M. Urbancic